

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018
Flutningslínur raforku og tengivirki við Kífsá
Lýsing
Verkáætlun fyrir aðalskipulagsbreytingu
10 . okt. 2011



Efnisyfirlit

1	Viðfangsefni	3
1.1	Tilefni.....	3
1.2	Viðfangsefni skipulagsbreytingar	3
1.3	Breytingar á skipulagsuppdrætti	3
1.4	Breytingar á greinargerð aðalskipulagsins	4
2	Forsendur	4
2.1	Kerfisáætlun Landsnets.....	4
2.2	Forsendur í aðalskipulagi.....	7
3	Helstu áherslur skipulagsnefndar	7
4	Umhverfismat áætlana	7
4.1	Umhverfisaðstæður	7
4.2	Áhrifamat	8
5	Skipulagsferli	8
5.1	Kynning og samráð	8
5.2	Verkáfangar og tímaáætlun.....	8

1 VIÐFANGSEFNI

1.1 TILEFNI


Vegna styrkingar Byggðalínunnar er áformað að leggja nýja flutningslínu raforku frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri, Blöndulínu 3. Jafnframt er talin nauðsyn á nýju tengivirki ofan Akureyrar. Tilefni framkvæmdanna er m.a. bygging aflþynnuverksmiðju í Krossanesi á Akureyri og fyrirhuguð stækkun hennar og þar með aukið álag á flutningskerfi raforkunnar. Nauðsynlegt er að breyta aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 vegna þessara mannvirkja.

Lagning flutningslínu til suðurs frá tengivirki að Kröflu, Kröflulínu 1, er ekki viðfangsefni þessarar skipulagsbreytingar.

1.2 VIÐFANGSEFNI SKIPULAGSBREYTINGAR

Við vinnslu breytingartillögunnar þarf fyrst og fremst að ákvarða nánar lóð tengivirkis að Kífsá, ákveða legu jarðstrengs frá tengivirkinu að tengivirki á Rangárvöllum og skilgreina í aðalskipulagi legu jarðstrengja frá Rangárvöllum að tengivirki aflþynnuverksmiðjunnar í Krossanesi.

Tillaga að legu Blöndulínu 3 liggur fyrir svo og lega jarðstrengja frá Rangárvöllum að Krossanesi.



Mynd 1.1. Helstu viðfangsefni, grófar meginlínur.

1.3 BREYTINGAR Á SKIPULAGSUPPDRAETTI

Gera þarf eftirtaldar breytingar á skipulagsuppdráttum aðalskipulags Akureyrar 2005-2018:

- Nýtt iðnaðarsvæði fyrir tengivirki raforku að Kífsá (sveitarfélagsuppdráttur).

- Nýtt svæði fyrir flutningslínu raforku frá bæjarmörkum í norðri að nýju tengivirki við Kífsá. Línan verður skammt ofan (vestan) núverandi byggðalínu (sveitarfélagsuppdráttur).
- Jarðstrengur frá nýju tengivirki að tengivirkinu á Rangárvöllum (sveitarfélagsuppdráttur og þéttbýlisuppdráttur).
- Jarðstrengir frá Rangárvöllum að aflþynnuverksmiðju í Krossanesi (þéttbýlisuppdráttur).

1.4 BREYTINGAR Á GREINARGERÐ AÐALSKIPULAGSINS


Ekki er þörf á að breyta almennum texta greinargerðar aðalskipulags Akureyrar 2005-2018. Eftirtalda breytingu þarf að gera í kafla 4.7, iðnaðarsvæði:

- Gera þarf grein fyrir nýju iðnaðarsvæði fyrir tengivirki á Kífsá í töflu í kafla 4.7 í greinargerð.

2 FORSENDUR


2.1 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS

Landsnet gefur árlega út Kerfisáætlun til fimm ára í senn¹. Þar er sett fram yfirlit yfir þróun og áætlanir næstu ára.



Mynd 2.1. Orkunotkun 2005-2009 auk framtíðarspár um orkunotkun árin 2010-2015. Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.

¹ Kerfisáætlun Landsnets 2010. Fimm ára áætlun 2011-2015.




Mynd 2.2. Almenn raforkunotkun á landinu öllu og Norðurlandi. Rauntölur 2000-2009, spá fram til 2015. Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.


Samkvæmt raforkuspá er gert ráð fyrir að almennt álag aukist að jafnaði um 1,8% á ári fram til 2015. Álagsaukning er mismikil eftir landsvæðum. Á Norðurlandi hefur álag að mestu staðið í stað síðastliðin ár. Munar þar mestu um samdrátt í notkun ótryggðrar orku. Fram til ársloka 2015 er gert ráð fyrir að almenn álagsaukning nemi að jafnaði 0,8% á ári.

Talin er þörf á styrkingu Byggðalínunnar, sem getur verið mjög viðkvæm fyrir truflunum. Flutningsgeta hennar verður bætt með styrkingu og spennuhækkun. Hafinn er undirbúningur að byggingu nýrrar 220 kV línu milli Blöndu og Kífsár og lagningu 132 kV jarðstrengs að Rangárvöllum á Akureyri. Einnig er til athugunar ný lína milli Kröflu og Kífsár sem tengjast mun Rangárvöllum auk annarra lína, sem ekki tengjast skipulagssvæðinu.

Helsta viðfangsefni næstu ára verður tenging við aflþýnnuverksmiðju á Akureyri. Orkuþörf verksmiðjunnar verður u.þ.b. fimm sinnum meiri en það rafmagn sem Eyjafjarðarsvæðið notar árlega. Lagður hefur verið einn 132 kV háspennustrengur 4,5 km leið að tengivirkinu við aflþýnnuverksmiðjuna í Krossanesi en reiknað er með að annar háspennustrengur verði lagður þangað síðar.



Mynd 2.3. Styrking Byggðalínunnar á Norðurlandi.



Mynd 2.4. Flutningskerfi Landsnets 2011.

2.2 FORSENDUR Í AÐALSKIPULAGI

2.2.1 HÖRGÁRBYGGÐ

Gert er ráð fyrir nýrri flutningslínu fyrir raforku um Öxnadal/Hörgárdal að mestu samsíða núverandi Rangárvallalínu 1.

2.2.2 AKUREYRARKAUPSTAÐUR

Skilgreina þarf legu Blöndulínu 3 og staðsetningu nýs tengivirkis með breytingu á aðalskipulagi.

Miðað við fyrirbyggjandi tillögur í Kerfisáætlun Landsnets er gert ráð fyrir styrkingu Byggðalínu með nýjum 220 kV línunum eða jarðstrengjum, Blöndulínu 3 og Kröflulínu 1 en þær tillögur kalla á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar. Blöndulína 3 mun liggja á svipuðum slóðum og Byggðalínan um Öxnadal, Hörgárdal, um Moldhaugaháls inn Kræklingahlíð að tengivirki við Kífsá. Ekki liggur fyrir lega nýrrar Kröflulínu eða jarðstrengs til suðurs. Útfærsla á þverun Eyjafjarðar liggur ekki fyrir.

3 HELSTU ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFNDAR

Skipulagsnefnd Akureyrar leggur megináherslu á eftirtalin atriði:

- Tryggð verði næg og örugg raforka til einkaneyslu og iðnaðarnota á sem hagkvæmastan hátt (ASAK05).
- Forðast skal röskun minjastaða.
- Gert verði ráð fyrir 132 kV jarðstrengjum frá tengivirki við Kífsá að Rangárvöllum og þaðan að aflþynnuverksmiðju í Krossanesi.
- Lega jarðstrengja skal miðast við lágmarksrask ósnortins lands.
- Tengivirki við Kífsá verði a.m.k. 50 m frá nærliggjandi lækjarfarvegi.
- Tengivirkið verði staðsett þannig að mannvirkið verði lítt sjáanlegt úr byggð.

4 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Lagning Blöndulínu 3 er háð lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og heyrir breyting þessi því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

4.1 UMHVERFISAÐSTÆÐUR

4.1.1 STAÐHÆTTIR

Væntanlegt línustæði er undir austurhlíðum Hlíðarfjalls á grónu landi ofan byggðar í Kræklingahlíð og á Akureyri. Áformað er að tengivirkið verði skammt vestan og ofan við bæjarhólinn á Kífsá, sem er óræktað gróið land..

Jarðstrengur frá Kífsá mun að hluta til fara um gömul tún og raskað land en austan Lögmanshlíðarvegar um ósnert land með lágum klapparhólum. Að öðru leyti liggja jarðstrengir í götustæði Síðubrautar og Krossanesbrautar. Aðeins nyrsti hluti Síðubrautar hefur verið lagður en lega hennar er skilgreind í aðalskipulagi Akureyrar.

4.1.2 FORNMINJAR

Nokkrir skráðir minjastaðir eru í grennd við væntanlega jarðstrengi. Þar á meðal bæjarhóll og túngarður á Kífsá, landamerki og álagablettur norðan Hlíðarholts og kuml ofan Krossanesbrautar. Unnt verður að leggja jarðstrengi þannig að ekki verði farið nálægt minjastöðum. Í Krossanesi eru jarðstrengir í vegöxl Krossanesbrautar, þegar röskuðu landi, og hafa því ekki áhrif á fornminjar umfram það sem þegar er orðið.

4.2 ÁHRIFAMAT

Landsnet hefur lagt fram tillögu að matsáætlun vegna Blöndulínu 3. Í henni er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst og fjallað um umfang og áherslur í matsferlinu. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í matinu, tilgreint hvaða gögn verða notuð og hvaða rannsóknir verður ráðist í vegna mats á umhverfisáhrifum línunnar. Lagt verður mat á fyrirhugaðar framkvæmdir við línuna í samræmi við matsáætlunina og athugasemdir Skipulagsstofnunar um hana sbr. *Ákvörðun um tillögu að matsáætlun dags. 30. desember 2008.*

Vísað er til matsáætlunar um lýsingu framkvæmdarinnar í heild, umhverfisþætti og aðrar forsendur eftir því sem við á.

5 SKIPULAGSFERLI

5.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í október 2011. Lýsingin mun liggja frammi á vef Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

Umsagnaraðilar:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Fornleifavernd ríkisins.
- Vegagerðin.
- Landsnet.


Lýsing skipulagsverkefnisins, verkáætlun þessi, verður send umsagnaraðilum til skoðunar.

5.2 VERKÁFANGAR OG TÍMAÁÆTLUN

Miðað er við að lýsing skipulagsbreytingarinnar verði auglýst og kynnt um miðjan október. Stefnt er að auglýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar eigi síðar en um miðjan desember (háð yfirferð Skipulagsstofnunar).

Áætluð staðfesting aðalskipulagsbreytingarinnar er í marsbyrjun 2012.

Helstu verkáfangar koma fram á yfirliti á mynd 5.1.



Mynd 5.1. Tímaáætlun.